




Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6

Hafnarfirði, 13.01.2014

### Efni: Gangstétt við Hjallahraun, við gatnamót Reykjavíkurvegjar

Vegna umræðu hér innanhúss vildum við benda á hættu sem gangandi vegfarendur stafa af fyrirkomulagi gangstéttar við enda Hjallahrauns, við gatnamót við Reykjavíkurveg.



Gangstéttin liggur upp við umferðargötu þar sem hámarkshraði er 60km/klst. Hún er þröng og liggur þétt upp við háan húsvegg. Þegar húsveggnum sleppir þrengist stéttin vegnar fráreinar af Hjallahrauni inn á Reykjavíkurveg þar sem hún eyðist út í akreinina. Götulýsing er staðsett hinum megin við Hjallahraunið.


Myndirnar að neðan eru teknar af google maps og sýnir gangstéttina í júlísól. Í vetrarskammdegi og lélegri færð er ástandið öllu verra. Ítrekað hafa starfsmenn Batterísins upplifað vegfarendur of nálægt akrein með mikinn umferðarhraða, eða að vegfarendur notist við akreinina vegna aðstæðna á gangstétt. Einnig höfum við upplifað erfiðleika eldra fólks, sem og fólks með vagna á gangstéttinni, sérstaklega þegar gangstéttinni sleppir og frárein tekur við. Sjá myndir að neðan.



Miðað við fyrirliggjandi skipulag er ekki gert ráð fyrir gangstétt á þessum stað. Hún er hinsvegar til staðar í þeirri mynd sem hún er og er því notuð með þeirri hættu sem fylgir.

Við leggjum til að úrbætur verði gerðar á gangstéttinni áður en skaði hlýst af. Til dæmis að breikka gangstétt og afmarka hana frekar frá akrein auk þess að lækka umferðarhraða í Hjallahrauninu. Sé ekki skipulagsvilji til að hafa gangstétt þarna þarf að stuðla að því að gangandi nýti sér þá gangstétt sem er hinum megin við Hjallahraunið og gera þeim svo kleift að komast svo aftur yfir eigi þeir erindi þangað.

Virðingarfyllst,  
f. h. Batterísins,



Ingvi Þorbjörnsson  
Byggingafræðingur

**BATTERÍÐ | ARKITEKTAR**